

Nd.

150. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 27. júní 1921, um slysatryggingar sjómanna.

Flutningsmaður: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Í stað fyrsta og annars másl. 3. gr. laganna (»Fyrir hvern, sem tryggður er greiðist úr rikissjóði«) komi:

Fyrir hvern, sem trygður er samkvæmt lögum þessum, skal greiða í slysatryggingasjóð þann, er síðar getur, iðgjald á viku hverri, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og reiknast iðgjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom til skiprúms, eftir þeim blutföllum, er hjer segir:

a. Á róðrarskipum:

skipverji 20 aura,
útgerðarmaður 20 —
ríkissjóður 50 —

b. Á vjelbátum og seglskipum alt að 10 rúmlesta:

skipverji 25 aura,
útgerðarmaður 25 —
ríkissjóður 50 —

c. Á mótorskipum, segl- og gufuskipum 10—30 rúmlesta:

skipverji 40 aura
útgerðarmaður 40 —
ríkissjóður 50 —

d. Á mótór-, segl- og gufuskipum 30—100 smálesta:

skipverji 50 aura,
útgerðarmaður 50 —
ríkissjóður 50 —

e. Á mótór-, segl- og gufuskipum yfir 100 smálesta:

skipverji 75 aura,
útgerðarmaður 75 —
ríkissjóður 50 —

2. gr.

a. Fyrir »4000 krónur« í 6. gr. stafl. a. komi: 6000 krónur.

b. Fyrir » $\frac{1}{5}$ « í sama stafl. komi: $\frac{1}{10}$.

c. Fyrir »2000 kr.« í stafl. b. komi: 3000 kr.

d. Á eftir »foreldrar hins látna« í tölul. 3 komi: og fósturforeldrar, ef hinn látni hefir veitt þeim fjárhagslega aðstoð.

e. Í stað »200 kr.« í sömu gr., »400 kr.« og »200 kr.« komi á öllum stöðum: 600 kr.

Ástæður.

Mjer þykir vansjæð, að frv. um slysatryggingar (á þskj. 100) verði samþykkt á þessu þingi, en hinsvegar er brýnasta þörf á því að auka tekjur slysatryggingarsjóðs sjómanna, svo sjóðurinn verði þess megnugur að borga hærri slysa- og dánarbætur; einkum er þó nauðsynlegt að hækka verulega bætur til eftirlifandi barna.

Frekari greinargerð fyrir hinum einstöku liðum frv. þessa verður gerð við framsögu í deildinni.